

Ár 2012, fimmtudaginn 11. október kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H.Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Í upphafi fundar lagði forseti fram eftirfarandi dagskrábreytingartillögu. Liður 5 breytist þannig að þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis fellur út en í staðinn komi liðurinn Tillaga um úttekt á rekstri Hveragerðisbæjar.

Dagskrábreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Leitaði forseti eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Fundagerðir.

- 1.1. Bæjarráðs frá 20. september og 4. október 2012.
- 1.2. Skipulags- og byggingarnefnd frá 18. september 2012.
- 1.3. Fræðslunefnd frá 24. september 2012.
- 1.4. Menningar- íþróttá og frístundanevnd frá 20. september 2012.
- 1.5. Fasteignafélagi Hveragerðisbæjar frá 25. september 2012.

2. Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 21. september 2012.

3. Umhverfisstefna Hveragerðisbæjar, síðari umræða.

4. Starfsmannastefna Hveragerðisbæjar, síðari umræða.

5. Þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis.

6. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012.

7. Kosning í nefndir og ráð.

8. Fundagerðir til kynningar;

- 8.1. Bæjarstjórnar frá 13. september 2012.

Hér var gengið til dagskrár

1. Fundagerðir;

1.1. Bæjarráðs frá 20.september 2012.

Enginn tók til máls.

Liður 1.8 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Liður 3.1 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Bæjarráðs frá 4. október 2012.

Enginn tók til máls.

Liður 2.1 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 18. september 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir.

Liður 1. borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Vegna liðar 2 samþykkir bæjarstjórn með 6 atkvæðum tillögu nefndarinnar um að Skólamörk verði lokuð til bráðabirgða fyrir gegnumakstri á móts við vesturhlið samkomusalar Grunnskólans og við gatnamót Reykjamerkur.

Unnur Þormóðsdóttir greiddi atkvæði gegn tillögunni með eftirfarandi bókun.

Frekar ætti að gera Skólamörkina að einstefnugötu en að loka henni alveg þar sem hætta getur skapast í Fljótsmörkinni og Reykjamörkinni þegar börn eru keyrð í skólann.

Liður 4. borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Liður 5. borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.3. Fræðslunefndar frá 24. september 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Vegna liðar 2 samþykkir bæjarstjórn að vísa umræddum tillögum til gerðar fjárhagsáætlunar.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.4. Menningar- íþróttar- og frístundanefndar frá 20. september 2012.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.5. Fasteignafélags Hveragerðisbæjar frá 25. september 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Liður 5. borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Liður 6. borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 21. september 2012.

Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) en í því kemur fram að þar sem Hveragerðisbær áætla að ná viðmiðum 1. tölul. 2. mgr. 64. greinar sveitarstjórnarlaga í lok rekstrarársins 2012 óskar EFS ekki eftir frekari upplýsingum frá sveitarfélaginu vegna skyldu þess til að útbúa áætlun í samræmi við 16. gr. geglugerðar nr. 502/2012.

Enginn tók til máls.

Lagt fram til kynningar.

3. Umhverfisstefna Hveragerðisbæjar, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu umhverfisstefna Hveragerðisbæjar.

Enginn tók til máls.

Umhverfisstefnan samþykkt samhljóða.

4. Starfsmannastefna Hveragerðisbæjar, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu starfsmannastefna Hveragerðisbæjar.

Enginn tók til máls.

Starfsmannastefnan samþykkt samhljóða.

5. Tillaga um úttekt á rekstri Hveragerðisbæjar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við fyrirtækið HLH ehf um gerð úttektar á öllum rekstri Hveragerðisbæjar með það að markmiði að koma fram með tillögum að hagræðingu þannig að reksturinn skili meiri framlegð en nú er. Bæjarstjórn leggur áherslu á að unnið verði hratt að úttektinni þannig að vinnan nýtist sem mest við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013. Það er einlægur vilji allra bæjarfulltrúa að þeir fjármunir sem bæjarbúar leggja í sameiginlega sjóði nýtist sem allra best með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, úttekt sem þessi getur án vafa nýst vel í þeirri viðleitni.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Róbert Hlöðversson, Guðmundur Þór Guðjónsson og Eypór H. Ólafsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fulltrúar meirihlutans buðu fulltrúum minnihlutans samstarf við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Hveragerðisbæ árið 2013. Fulltrúar minnihlutans munu ræða við sitt bakland og gefa svar fljótlega.

6. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012.

Lögð fram kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012. Á kjörskrá eru 916 karlar og 863 konur eða alls 1779.

Kjörskráin samþykkt samhljóða.

7. Kosning í nefndir og ráð.

Lögð fram tillaga að breytingu í bæjarráði þannig að Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir verði aðalmaður og Róbert Hlöðversson varamaður.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Fundagerðir til kynningar;

8.1. Bæjarstjórnar frá 13. september 2012.

Fundagerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:50

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)